

Ákærði greiði Búnaðarbankanum Íslands kr. 9.000.00.
 Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
 Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1971.

Nr. 110/1970. **Fosskraft s/f**
 (Áki Jakobsson hrl.)
 gegn
Gústav Sigjónssyni
 (Gunnar Möller hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kjarasamningar. Greiðsla fyrir akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí 1970, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu s. d. og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa gagna.

Kjarasamningar tókust eigi milli Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis og áfrýjanda. Í reynd létu ráðamenn Bifreiðastjórafélagsins Mjölnis það viðgangast, að bifreiðastjórar félagsins framkvæmdu akstur þungaefnis fyrir áfrýjanda gegn þeirri gagngreiðslu, sem áfrýjandi bauð. Stefndi var einn þeirra bifreiðastjóra, sem í verki undirgekkst efnisflutning á vöruhifreið sinni fyrir áfrýjanda undir nefndu skilorði. Hann tók við gagngjaldi því, sem áfrýjandi vildi af hendi inna fyrir aksturinn, og gaf áfrýjanda fyrirvaralausar kvittanir fyrir greiðslum. Þegar af ástæðum þeim, sem nú voru raktar, standa eigi lög til þess að taka bakreikninga hans á hendur

áfrýjanda til greina. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda sýknu.

Rétt er að fella málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Fosskraft s/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Gústavs Sigjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 18. desember 1969.

Ár 1969, fimmtudaginn 18. desember, var á aukadómþingi Árnassýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns, Snorra Árnasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 40/1969: Gústav Sigjónsson gegn Fosskraft s. e. f., sem dómtekið var hinn 11. þ. m.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 5. maí s.l., af Gústav Sigjónssyni bifreiðastjóra, Selfossi, á hendur firmanu Fosskraft s. e. f., Gnúpverjahreppi.

Gerir stefnandi í stefnu þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að upphæð kr. 577.012.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati réttarins. Við síðari meðferð málsins og útreikning Arngríms Guðjónssonar, forstjóra Vörubílastöðvar Selfoss, lækkaði stefnandi stefnukröfurnar í kr. 504.711.64.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann hafi á árinu 1967 og fram til 1. júní 1968 ekið sandi fyrir stefnda úr Stapafelli á Reykjanesi og til Búrfellsvirkjunar fyrir kr. 719.002.00 árið 1967 og fyrir kr. 474.467.00 árið 1968 samkvæmt taxta Vörubílastjórafélagsins Mjölnis í Árnassýslu, en ekki fengið greitt nema kr. 384.200.00 árið 1967 og kr. 232.257.00 árið 1968, og vantaði því á, að hann hafi fengið greitt fyrir aksturinn samkvæmt taxta, kr. 577.012.00. Akstrinum lauk í maí 1968.

Síðastnefnd tala breyttist í kr. 504.711.64, sbr. áðurgreindan útreikning Arngríms Guðjónssonar, sem er á dómsskjali nr. 45, en hann er svohljóðandi:

„Ég undirritaður Arngrímur H. Guðjónsson framkv.stj., Birki-
völlum 12, Selfossi, hefi yfirfarið alla reikninga yfir greiðslur
Fosskraft s. e. f. til Gústavs Sigjónssonar bifreiðastjóra, Sel-
fossi, snertandi akstur á sandi frá Stapafelli í Búrfell samkvæmt
langferðataxta, sem lagður er fram í aukadómsmálinu í Árn-
esýslu nr. 40/1969: Gústav Sigjónsson gegn Fosskraft s. e. f. Hefi
ég reiknað út að nýju hvern reikning miðað við gildandi lang-
ferðataxta (1. dálkur), sett greiðslur Fosskraft s. e. f. (2. dálkur)
og loks mismun þessara tveggja talna (3. dálkur). Við hverja
línu er vísað til viðeigandi dómsskjals:

	Akstur skv. taxta	Greiðsla Fosskrafts	Mismunur
Dskj. 19	40.597.20	20.981.52	19.615.68
— 20	48.146.40	26.129.00	22.017.40
— 21	20.062.80	10.332.00	9.730.80
— 22	102.754.80	55.384.55	47.370.25
— 23	26.920.80	14.273.00	12.647.80
— 24	20.516.40	11.123.00	9.393.40
— 25	46.983.60	24.791.76	22.191.84
— 26	47.750.40	21.495.56	26.254.84
— 27	52.761.60	30.240.00	22.521.60
— 28	14.522.40	8.210.16	6.312.24
— 29	36.259.20	20.255.76	16.003.44
— 30	68.162.40	37.926.00	30.236.40
— 31	21.988.80	12.448.80	9.540.00
— 32	42.152.40	22.987.00	19.165.40
— 33	77.320.80	41.352.24	35.968.56
— 34	31.053.60	15.004.00	16.049.60
— 35	67.194.00	30.785.65	36.408.35
— 36	99.648.00	44.886.24	54.761.76
— 37	59.680.80	30.348.00	29.332.80
— 38	59.155.20	29.819.72	29.335.48
— 39	21.312.00	14.414.40	6.897.60
— 43	26.409.60	16.459.20	9.950.40
d. 26. 6. 67			
Dskj. 42	27.828.00	14.822.00	13.006.00
d. 16. 09. 67			
	1.059.181.20	554.469.56	504.711.64

Niðurstaða:

Heildar akstur samkv. taxa vörubílstj. kr. 1.059.181.20
 Samanlagðar greiðslur Fosskraft s. e. f. — 554.469.56

Mismunur kr. 504.711.64

Árið 1967 hefur Gústav Sigjónsson eftirtaldir tekjur hjá Fosskraft:

Af sandflutningum úr Stapafelli kr. 312.432.51
 Af tímavinnu reikn. d. 6. 6. '67 — 23.750.00

kr. 336.173.51

Það ár gefur Fosskraft upp til skatts á launamiðum kr. 394.200.00.

Árið 1968 hefur Gústav í tekjur hjá Fosskraft kr. 242.046.05.
 Var það gefið upp til skatts á launamiða.

Selfossi, 6. desember 1969.

Arngrímur H. Guðjónsson“.

Er þessum útreikningi ekki tölulega mótmælt af stefnda.

Nánari tildrög málsins eru samkvæmt greinargerð stefnanda þau, að stefnandi, sem verið hefur vörubifreiðastjóri á Selfossi og meðlimur í Vörubifreiðastjórafélaginu Mjölni í Árnassýslu, hefur rekið bifreiðina X 1806 og starfað að sandflutningum fyrir stefnda úr Stapafelli á Suðurnesjum og til Búrfellsvirkjunar 1967 og vorið 1968. Við þessa flutninga störfuðu þá fleiri bifreiðastjórar úr Vörubílstjórafélaginu Mjölni.

Vinnan var greidd með kr. 1.40 fyrir hvern tonn/km. Var greiðsla þessi að sögn stefnanda einhliða ákvörðuð af stefnda.

Voru þá auglýstir langferðataxtar Landssambands vörubifreiðastjóra þessir: „Kr. 18.34 pr. ekinn km að 7 tonnum = kr. 2.62 pr. tonn/km“, sbr. dómsskjal nr. 7. Bifreið stefnanda ber 7 tonn, svo hún fellur undir þetta atriði taxtans. Munurinn á taxa og greiðslum stefnda eru því kr. 1.22 pr. tonn/km árið 1967. Taxtinn breytist frá og með 18. marz 1968, sbr. dómsskjal nr. 8, og verður þá kr. 21.45 pr. ekinn tonn/km með 7—7½ tonn, kr. 2.86 pr. tonn/km, og er þarna um mismun að ræða, kr. 1.46 pr. tonn/km.

Stefnandi telur sig ekki hafa gert samkomulag um þetta gjald við stefnda, en hann hafi hins vegar orðið að sætta sig við þessa greiðslu í bili, enda hafi hann verið sannfærður um, að stefndi mundi leiðrétta þetta síðar.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hann sé félagsmaður í Vörubifreiðastjórafélaginu Mjölni í Árnassýslu og sé bundinn af lögum þess og töxtum og að ekki hafi verið í gildi aðrir taxtar Landssambands vörubifreiðastjóra, sbrs. dómsskjal nr. 7 og 8, enda sé Mjöltnir aðili að Landssambandi vörubifreiðastjóra, sem er í Alþýðusambandi Íslands.

Stefndi hefur byggt sýknukröfu sína á því, að samkomulag hafi verið gert við Vörubílstjórafélagið Mjölni í Árnassýslu um greiðslu á kr. 1.40 fyrir tonn/km, sbr. annan kafla á dómsskjali nr. 12, en 22. maí 1968 hafi gjald þetta hækkað í kr. 1.55.

Til stuðnings þessu hefur stefndi lagt fram óundirritaðan samning, dómsskjal 12, milli stefnda og Vörubílstjórafélagsins Mjöltnis, en stefndi heldur því fram, að samningur þessi hafi að vísu aldrei verið undirritaður, en sé staðfesting á munnlegu samkomulagi stefnda og Vörubílstjórafélagsins Mjöltnis.

Þá bendir stefndi og á það, að flestir reikningar frá stefnanda hafi verið í samræmi við ákvæði samningsins á dómsskjali nr. 12.

Í málinu hafa verið lögð fram af hálfu stefnda þrjú vottorð, dómsskjöl nr. 15—17.

Dómsskjal nr. 15 hljóðar svo:

„Það vottast hér með, að við undirritaðir, sem vorum í stjórn Vörubifreiðastjórafélagsins Mjöltnis 1967, samþykktum taxta þá, er félagsmeðlimum voru greiddir af Fosskraft s. e. f. fyrir sandflutninga frá Keflavík til Búrfells á árinu 1967, þ. e. a. s. kr. 1.40 fyrir tonn/km.

Apríl 1969.

Sigurður Jónsson
Sveinn Sumarliðason“.

Vottorðsgefandi Sigurður Jónsson hefur komið fyrir dóm hinn 8. september s.l. og staðfest undirskrift sína undir skjalinu og efni skjalsins sem rétt. Vitnið tók þá skýrt fram, að vottorðið sé gefið af honum sem einstaklingi, en ekki sem stjórnarmanni í Mjölni, en vitnið var stjórnarmeðlimur í Mjölni 1967—1968 og tók sem slíkt þátt í samningaviðræðum við stefnda.

Aðspurt í sama réttarhaldi, hvort samningur hafi náðst, sagði vitnið, að samningar hefðu ekki tekizt nema að nokkru leyti, þ. e. gagnvart tímavinnu, en ekki um sandflutning frá Stapafelli.

Þá hefur stefndi lagt fram vottorð, dómsskjal nr. 16, svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að við undirritaðir tókum að okkur flutninga á steypusandi frá Keflavík að Búrfellsvirkjun fyrir Foss-

kraft s. e. f. fyrir umsaminn ákvæðistaxta, er nam á tonn/km kr. 1.40 árið 1967. Þáverandi stjórn Mjöltnis var kunnugt um þetta samkomulag, enda tóku 5 af 7 stjórnarmeðlimum þátt í sandflutningunum. Þetta gjald, þ. e. a. s. kr. 1.40, gildi þar til á miðju ári 1968, að Vörubifreiðastjórafélagið Mjöltnir samdi við Fosskraft s. e. f. um nýjan taxta fyrir tonn/km, kr. 1.55.

Apríl 1969.

Þorsteinn Vigfússon, X 871

Sigurður Sigurðsson, X 573

Sverrir Sigmundsson, X 330

Sigurður Jónsson, X 191

Björn Kristjánsson, X 1947“.

Enginn af vottorðsgefendum hefur komið fyrir dóm vegna vottorðs þessa nema fyrrgreindur Sigurður Jónsson.

Þá hefur stefndi lagt fram vottorð, dómsskjal nr. 17, svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að við undirritaðir tókum að okkur flutninga á steypusandi frá Keflavík að Búrfellsvirkjun fyrir Fosskraft s. e. f. fyrir umsaminn ákvæðistaxta, er nam á tonn/km kr. 1.40 árið 1967. Þáverandi stjórn Mjöltnis var kunnugt um þetta samkomulag, enda tóku 5 af 7 stjórnarmeðlimum þátt í sandflutningunum. Þetta gjald, þ. e. a. s. kr. 1.40, gildi þar til á miðju ári 1968, að Vörubifreiðastjórafélagið Mjöltnir samdi við Fosskraft s. e. f. um nýjan taxta fyrir tonn/km kr. 1.55.

Apríl 1969.

Knútur Bjarnason

Bárður Brynjólfsson

Sveinn Sumarliðason

Sigurður Skúlason

Grímur Magnússon

Sigurður Guðmundsson“.

Allir þessir vottorðsgjafar, að undanskildum Sveini Sumarliðasyni, hafa komið fyrir dóm og staðfest undirskriftir sínar og efni vottorðsins.

Vitnið Knútur Bjarnason segir m. a. svo fyrir dómi hinn 10. sept. s. l.:

„Vitnið segir, að keyrsla á sandi frá Stapafelli hafi byrjað síðasta laugardag í maí eða fyrsta laugardag í júní árið 1967. Fyrst var ekið á taxta, sem var 40% lægri en taxti fyrir langferðaakstur.

Vitnið segir, að Steinar Ólafsson hafi boðið sér og fleiri bíl-

stjórum hér á staðnum vinnuna á þessum ákveðnu kjörum. Vitnið segir, að ekki hafi verið um annað að ræða en taka boðinu, ella yrðu þeir atvinnulausir. Vitnið segir, að Steinar hafi snúið sér til þeirra bílstjóranna í Þorlákshöfn, 6 að tölu, og samið munnlega um aksturinn. Jafnframt töldu þeir sig fá meiri akstur hjá Fosskraft út á þetta, m. a. uppskipunaryvinnu og flutning frá Þorlákshöfn, sem var greitt að mestu eftir langferðataxta. Þúsningasandur, er var keyrður frá Þorlákshöfn, var fluttur að mestu leyti á langferðataxta.

Um sumarið 1967 var þeim vitninu og félögum þess í Þorlákshöfn, er þeir höfðu komið með sand að Búrfelli, sagt, að þeir gætu hætt akstri, því þeir væru búnir að fá tilboð um akstur fyrir kr. 1.40 pr. tonn/km. Var þeim þá gefinn kostur á að aka áfram fyrir 1.40 pr. tonn/km, og var það ákveðið.

Vitnið segir, að þegar þar var komið, hafi fleiri bílstjórar úr Mjölni verið farnir að aka sandi en þeir Þorlákshafnarmenn, og telur vitnið, að þeir hafi í öndverðu sett reikninga sína eins upp og Þorlákshafnarmenn og ef til vill fengið þá greidda þannig, en síðar hafi þeir orðið að sæta því, að gjaldið lækkaði í kr. 1.40 pr. tonn/km allan tímann.

Vitnið og félagar þess tóku þann kost að halda akstrinum áfram fyrir kr. 1.40 pr. tonn/km.

Vitnið og félagar þess hafa aldrei verið krafðir um endurgreiðslu á mismuni 40% afsláttar af langferðataxta og kr. 1.40 pr. tonn/km.

Vitnið segist hafa heyrt, að stjórn Mjölnis hafi gefið félögum innan Mjölnis heimild til að aka á þeim kjörum, sem þeir gætu hver fyrir sig fengið, eftir að stjórn Mjölnis hafði hætt samningaviðræðum.

Vitnið tekur fram, að þetta gæti verið sögusögn.

Lögð hefur verið fram í dóminum skýrsla vitnisins Steinars Ólafssonar tæknifræðings, starfsmanns stefnda, dómsskjal nr. 18, svohljóðandi:

Skýrsla Steinars Ólafssonar.

„20. 3. 1967 komu til mín á skrifstofu Fosskrafts í Búrfelli fjórir úr þáverandi stjórn Mjölnis og framkvæmdastjóri félagsins.

Var rætt um akstur í Búrfelli og einnig gert uppkast að samningi, þar sem gefinn var upp afsláttur af töxtum félagsins.

Þeir tóku fram, að þeir gætu ekki undirskrifað samninga, þar sem þeir fengu Landssambandið yfir sig, en allt, sem þeir segðu, stæðu þeir við.

Í apríl eða maí kom í ljós, að nauðsynlegt væri að sækja sand til Keflavíkur, og ég sneri mér þá til nokkurra bílstjóra úr Þorlákshöfn, og var samið um, að þeir ækju sandinum á taxta og gæfu 40% afslátt.

Það kom fljótlega í ljós, að verulegt magn þurfti að keyra, og það kom til athugunar að kaupa eigin bíla til sandflutninga.

Mjólnir hafði samband við okkur og óskaði eftir að taka að sér sandflutningana. Í ljós kom við akstur Þorlákshafnarbíla, að tonn/km gjaldið var mjög mismunandi eftir stærð bíla.

Við stungum þá upp á, að það yrði eitt fast km gjald, hvort sem bílarnir væru stórir eða litlir, sem næmi 1.40 aur. pr. tonn/km.

Eftir það var ekið á því gjaldi, þar til að það var hækkað á árinu 1968 með samningum við þáverandi stjórn Mjólnis.

Virðingarfyllt,

St. Ólafsson“.

Skýrsluna staðfesti vitnið fyrir dómi hinn 8. september s.l., og segir í framhaldi af því m. a.:

„Aðspurður, hverjir hafi verið þeir fjórir úr þáverandi stjórn Mjólnis og framkvæmdastjóri, er komu til mættis, og segir hann, að það hafi verið þeir Róbert Róbertsson, Skúli Marteinsson, Sigurður Jónsson og framkvæmdastjóri Þór Þorbergsson. Nafn eins mannsins man mættur ekki nú, en kveðst geta upplýst það síðar. Er ekki viss um Skúla Marteinsson.

Aðspurður, hver hafi gert uppkast að umræddum samningi, segist mættur hafa ritað það niður, en samningur hafi ekki verið formlega saminn, heldur hafi mættur punktað hjá sér það, sem samkomulag náðist um. Mættur kveðst hafa verið einn af hálfu stefndu, þegar samkomulagið var gert.

Mættur segir, að það hafi verið þáverandi form. félagsins, Róbert Róbertsson, sem sagði:

„Við getum ekki skrifað undir, vegna þess að þá fáum við yfir okkur Landssambandið, en það, sem við segjum, stöndum við við“.

Aðspurður segir mættur, að við þessa samningsgerð hafi ekki verið rætt um sandflutninga frá Stapafelli, enda hafi þeir ekki verið komnir til á þessum tíma.

Aðspurður segir mættur, að hann hafi snúið sér til Knúts Bjarnasonar í Þorlákshöfn varðandi vinnu bifreiðastjóra úr Þorlákshöfn og samið um milligöngu hans um, að þeir flyttu sand frá Stapafelli á 40% lægri taxta en langferðataxti Landssambands

vörubifreiðastjóra. Knútur hafði milligöngu milli mættis og bifreiðastjóranna í Þorlákshöfn.

Aðspurður, hvenær samkomulagið við Þorlákshafnarbifreiðastjóra féll niður, kveðst mættur ekki muna, hvenær það var, en getur upplýst það.

Aðspurður, hverjir af hálfu Mjölnis hefðu rætt við mættan til samkomulags út af sandkeyrslunni, segir mættur, að það hafi verið Róbert Róbertsson form. og Þór Þorbergsson framkv.stjóri. Viðtöl þessi fóru yfirleitt fram í síma.

Mættur telur, að þessir menn hafi samþykkt taxtann, kr. 1.40 pr. tonn/km.

Mættur segir, að framan af hafi Þór Þorbergsson komið með reikninga til Fosskrafts frá bifreiðastjórunum og fengið þá greidda þar.

Aðspurður um, hvaða competens mættur hafi haft við samningagerð við bifreiðastjórana, kveðst mættur hafa annazt samningsgerðina ásamt Páli Sigurjónssyni, en Bo Larsen hafi undirritað þá yfirleitt, enda hafi hann verið þeirra yfirmaður, sem tók ákvarðanir.

Aðspurður, hvaða tildrög urðu að gerð dómsskjals nr. 12, segir mættur, að Mjölismenn hafi farið fram á hækkun á gildandi samkomulagi vegna aukins rekstrarkostnaðar bifreiða.

Krafan var borin fram af framkvæmdastjóra Mjölnis, Arngrími Guðjónssyni.

Viðræður um málið urðu, og voru Arngrímur Guðjónsson og Björgvin Sigurðsson frá Mjölni, en mættur og Páll Sigurjónsson f. h. Fosskrafts.

Aðspurður segir mættur, að hann og Páll hafi gert samning dskj. 12. Aðspurður um, af hverju samningur dskj. 12 var ekki undirritaður, segir hann, að hann viti það ekki fyrir víst, en vitnar til þess, er áður greinir.

Mjölismenn vildu ekki undirrita vegna Landssambandsins, en tekur fram, að verið geti, að Páll Sigurjónsson geti upplýst þetta nánar.

Mættur tekur fram, að þar sem á dómsskj. 12 og í skýrslu hans á dómsskj. 18 sé rætt um Keflavík, sé átt við Stapafell í sambandi við sandflutningana.

Aðspurður kveðst mættur hafa samið dómsskjöl nr. 15—17. Aðspurður, hvort hann hafi gengizt í það að fá þau undirrituð, kveður hann það ekki svo, en Knútur Bjarnason hafi séð um undirskr. á dómsskj. 17, en Sigurður Jónsson hafi annazt hin.

Aðspurður, hvort Þorlákshafnarbílstjórar hafi haft meiri vinnu við virkjunarframkvæmdir en aðrir Mjölismenn, kveðst mættur ekki geta sagt um það, nema athuga það nánar. Ráðningarmenn bíla voru Guðm. Axelsson og síðar Guðmundur Gíslason.

Aðspurður, hvort nokkrum þeirra manna, sem undirrituðu dómskjöl 15—17, hafi verið boðin nokkur hlunnindi vegna þess, segir mættur, að svo sé ekki“.

Hinn 10. september s.l. kom fyrir dóm vitnið Páll Sigurjónsson verkfræðingur, starfsmaður stefnda.

Vitnið staðfestir, að það og Steinar Ólafsson hafi samið samningsuppkastið, dómsskjal nr. 12, og segir það enn fremur m. a.:

„Vitninu er sýnt dómsskjal nr. 12. Kveðst vitnið ásamt Steinari Ólafssyni hafa samið samningsuppkastið. Taldi vitnið, að þá hefði verið búið að semja um þau atriði, er áður höfðu ekki legið ljós fyrir.

Vitnið óskaði eftir að fá samninginn undirritaðan, en af einhverjum ástæðum, sem vitninu eru ekki kunnar, vildu Mjölismenn ekki undirrita hann.

Vitnið vill ekki fullyrða, að búið hafi verið að útbúa samningsuppkastið á fundinum. Vitnið telur, að ekki hafi verið efnislegur ágreiningur um uppkastið, en segir, að Mjölismenn hafi fullyrt, að samningurinn væri í fullu gildi, þótt hann væri ekki undirritaður.

Vitnið segir, að aðalefni samningaviðræðnanna hafi upprunalega verið að semja um kjaraefnið, en síðan, strax á fyrsta fundi, hafi Mjölismenn óskað eftir hækkun á gildandi samningi fyrir sandkeyrslur.

Vitninu var kynntur framburður Arngríms Guðjónssonar, þar sem hann telur, að ekki hafi náðst samningar milli Fosskrafts og Mjölnis, og kveður dómsskjal nr. 12 ekki í samræmi við það, sem rætt var á fundinum. Vitnið heldur fast við það, að það álíti, að samningar hafi tekizt, eins og dómsskjal nr. 12 segir um.

Dómsskjöl nr. 15—17 eru sýnd vitninu. Vitnið kveðst hafa séð þessi skjöl en ekki tekið þátt í því að semja þau né afla undirskrifta á þau. Vitnið vill ekkert tjá sig um efni skjalanna“.

Að tilhlutan dómara var lagður fram í dóminum útráttur úr fundagerðarbók Vörubílstjórafélagsins Mjölnis, dómsskj. 40.

Kemur þar í ljós, að á öllu tímabilinu frá 1966 til 1968 hefur mikið verið rætt bæði á stjórnarfundum og almennum félagsfundum um samningsumleitanir milli félagsins og stefnda, þar sem komið var fram, að stefndi greiddi ekki eftir auglýstum taxta

Landssambandsins, en í bókunum félagsins kemur hvergi fram, að samningar hafi náðst.

Vitnið Róbert Róbertsson kom fyrir dóm hinn 1. október s.l., og segir meðal annars svo í framburði þess:

„Vitnið mætir þá aftur og skýrir svo frá, að það hafi í marz 1967, dagana 16., 17. og 20., farið að Búrfelli til viðræðna við Fosskraft. Áður mun Fosskraft hafa hringt til Þórs Þorbergssonar og óskað eftir viðræðum. Alls fór vitnið 9 ferðir samtals í Búrfell, og í öllum tilfellum nema einu voru fleiri menn frá Mjölni.

Vitnið segir, að á þessum fundum hafi ekkert samkomulag náðst um garðavinnuna, en einhvers konar samkomulag varð um tímavinnu. Ekkert var skriflegt um þetta.

Varðandi sandkeyrsluna segir vitnið, að félagsmenn í Mjölni hafi samið bak við Mjölni um sandkeyrsluna og þannig gert stjórninni ómögulegt að standa að samningsgerð fyrir félagið. Vitnið segir, að engir samningar hafi verið gerðir milli Fosskrafts og Mjölnis um sandkeyrsluna.

Hafi einhverjir samningar verið gerðir, þá hafi það verið við einstaka félagsmenn, en ekki Mjölni.

Vitnið kveðst ekki muna glögg þær umræður, sem urðu um sandkeyrsluna, en ekkert samkomulag náðist, og að lokum tilkynnti vitnið sem formaður Mjölnis, að sandkeyrslan væri hér með gefin með öllu frjáls. Þetta var 22. ágúst 1967, og tilkynnti vitnið Steinari Ólafssyni þetta. Um leið ukust flutningar eða fleiri bílar tóku þátt í þeim, og var eins og opnuð væri flóðgátt þar.

Nánar tiltekið er átt við, að stjórn Mjölnis hefði ekki frekari afskipti af málinu.

Ofanskráðar upplýsingar eru teknar úr dagbók vitnisins.

Vitnið segir aðspurt, að það hafi ekkert unnið hjá Fosskraft“.

Vitnið var formaður Mjölnis tímabilið 13. febrúar 1966 til 28. janúar 1968.

Vitnið Steinar Ólafsson mætir fyrir dómi sama dag, samprófað við vitnið Róbert, og segir svo:

„Aðspurt, hvort vitnið muni eftir því samtali, sem hér að ofan greinir 22. ágúst 1967. Vitnið kveðst ekki muna eftir samtalinu, en kveðst ekki vefengja framburð vitnisins Róberts um, að það hafi átt sér stað.

Vitnin eru sammála um, að ekki hafi verið rætt um greiðslur fyrir sandflutninga milli Mjölnis og Fosskrafts, eftir að umrætt samtal fór fram, þar til Róbert lét af formannsstörfum“.

Vitnið Þór Þorbergsson kom fyrir dóm 24. september, en það var framkvæmdastjóri Mjöltnis frá því í marz 1965 til miðsumars 1967, og segir svo m. a.:

„Aðspurt kveðst vitnið hafa haft svo til engin afskipti af samningum um sandflutninga frá Stapafelli að Búrfelli.

Vitnið kveðst þó minna, að það hafi rukkað inn reikninga fyrir sandflutninga.

Skýrsla Steinars Ólafssonar, dómsskjal 18, er lesin upp fyrir vitninu.

Vitnið kveðst hafa verið á mörgum fundum með Steinari og þar verið rætt um ýmsan akstur, m. a. í varnargarð, og var leitað eftir samningum við Fosskraft. Vitnið kveðst ekki minnst þess, að sandflutningar frá Stapafelli hafi komið til umræðu þar. Vitnið taldi, að Fosskraft hefði sjálft samið við bílstjóra úr Þorlákshöfn um sandflutningana. Mikill úlfabýtur varð í félaginu út af sandflutningum Þorlákshafnarmanna. Fundur var haldinn í Mjöltni, þar sem talað var um að reka Þorlákshafnarmenn úr félaginu, en síðan voru teknir fleiri bílar, og minnir vitnið, að Steinar hafi ráðið bíla til þessarar keyrslu. Vitnið minnir, að það hafi hringt í Arnar Árnason og Magnús Þorbergsson eftir beiðni frá Fosskraft og beðið þá að aka. Að öðru leyti kveðst vitnið ekki hafa haft afskipti af sandflutningunum. Vitnið hafði heyrt, hvaða taxti var notaður, og mun vitnið hafa greitt eitthvað af reikningum fyrir bílstjóra til Fosskrafts.

Aðspurt kveðst vitnið ekki hafa handskrifað reikninga, dómskjöl 22—39, en telur líklegt, að það hafi vélritað reikninga, dómskjöl nr. 19—21.

Aðspurt segir vitnið, að félagið Mjöltnir hafi ekki gert tilboð í sandkeyrslu á kr. 1.40, og vitnið kveðst ekki vita til þess, að neinir félagar úr Mjöltni hafi gert það.

Vitnið segir, að sér hafi verið fullkunnugt um, að reikningar vegna sandflutninga væru gerðir með afslætti, eins og reikningararnir sýna, og var það eitt af starfi vitnisins að útbúa reikninga og innheimta þá, þegar óskað var.

Aðspurt kveðst vitnið hafa farið með reikninga til Fosskrafts, Fosskraft síðan breytt þeim á staðnum, svipað og fram kemur á dómsskjali nr. 24“.

Vitnið Arngrímur Guðjónsson kom fyrir dóm 8. september s.l., en það hefur verið framkvæmdastjóri Mjöltnis síðan í nóvember 1967, og segir það m. a. svo:

„Aðspurður um afskipti hans af samn. fyrir Mjöltni um greiðslu

fyrir akstur, segir vitnið, að eftir að það tók við framkv.stjórn, hafi verið reyndir samningar milli Fosskrafts og Mjöltnis, en þeir ekki tekizt.

Vitnið segir, að málið hafi verið rætt á nokkrum fundum og hafi verið komið samkomulag um viss atriði í væntanlegum samningi.

Síðan hafi Fosskraft sent Mjöltni uppkast af samningi. Við athugun á samningi hafi komið í ljós, að hann var ekki í samræmi við það, sem rætt var á fundunum. Vitnið kveðst hafa farið með uppkastið til Steinars Ólafssonar og óskað eftir leiðréttingu á uppkastinu, en því hafi alveg verið hafnað. Dskj. nr. 12 er sýnt vitninu, og staðfestir það, að það sé hinn sami samningur, sem því var sendur. Aðspurt um, hvaða atriði í kafla 2 í samningum hafi valdið ágreiningi, segir vitnið, að það hafi aðallega verið liður 2,2, en gagnvart lið 2,1 ekki skipta miklu máli verðmismunurinn, þar sem því hafi áður verið lýst yfir, að sandkeyrslan væri svo til búin.

Aðspurt segir vitnið, að greiðslur af hálfu Fosskrafts s. e. f. hafi ekki farið fram skv. samningi, og telji vitnið, að um einhliða ákvörðun Fosskrafts hafi verið að ræða. Aðspurt kveður vitnið, að þegar það tók við starfi sínu hjá Mjöltni, þá hafi ekki verið neinir samningar í gildi, að því er vitnið áleit, milli Fosskrafts og Mjöltnis.

Aðspurt kveðst vitnið telja, að stjórn Mjöltnis hafi verið kunnugt um það, á hvern hátt greiðslum til félagsmanna fyrir flutning á steypuefni frá Stapafelli til Búrfells hafi verið háttað, er það hóf störf hjá félaginu.

Vitnið segir, að sér sé ekki kunnugt um, að neinn félagsmaður Mjöltnis hafi verið látinn sæta viðurlögum af þessu tilefni. Aðspurt, hvort greiðslur þær frá Fosskraft til bifreiðastjóra hafi verið taldar fullnaðargreiðslur, segir vitnið, að það telji líklegt, að Fosskraft hafi talið þetta fullnaðargreiðslur, en gagnvart félagsmönnum Mjöltnis segist vitnið ekki geta um sagt, en tekur fram, að það álíti, að að minnsta kosti ekki allir félagsmenn hafi talið svo vera. Aðspurt, hvort vitnið hafi innheimt reikninga frá félagsmönnum í Mjöltni á hendur Fosskraft, kveðst vitnið hafa gert það, en þó ekki nema að litlu leyti. Aðspurt kveðst vitnið í sumum tilfellum hafa útbúið reikninga fyrir félagsmenn Mjöltnis á hendur Fosskraft. Aðspurt, hvernig útfærsla á þessum reikningum hafi verið háttað, t. d. í sambandi við sandflutningana, segir vitnið, að þá hafi verið lagt til grundvallar kr. 1.40 pr. tonn/km.

Aspurt, hvort vitnið telji, að reikningar, gerðir á öðrum grundvelli, hefðu verið greiddir, segist vitnið telja, að svo hafi ekki orðið. Aðspurt segir vitnið, eftir því sem það bezt veit, að það gildi sami taxti á félagssvæði Mjöltnis og á félagssvæði Þróttar í Reykjavík.

Vitninu eru sýnd dskj. nr. 15—17, og aðspurt kveðst það aldrei hafa séð þau áður og félagið hafi ekki staðið að þessari undirskriftarsöfnun, og telur vitnið þau óviðkomandi félaginu og ekki bindandi fyrir það“.

Eins og áður er rakið, byggir stefnandi kröfur sínar á gildandi langferðataxta Landssambands vörubifreiðastjóra, en stefndi sýknukröfu sína á því, að annar samningur hafi tekizt milli Vörubílstjórafélagsins Mjöltnis, félags stefnanda, og stefnda um umrædda sandkeyrslu, en samkvæmt þeim samningi hafi stefndi fengið að fullu greitt fyrir vinnu sína sbr. dskj. nr. 12.

Úrlausnarefni þessa dóms verður því það atriði, hvaða samningur hafi verið í gildi milli aðilja á tímabili því, er stefnandi ók í þágu stefnda, og telur dómarrinn sig hafa vald (competens) til þess að dæma það, sbr. dóm Hæstaréttar, dómasafn XL, bls. 916.

Eins og að framan er rakið, er það ljóst, að enginn skriflegur samningur hefur verið gerður milli Vörubílstjórafélagsins Mjöltnis og stefnda um frávík frá auglýstum taxta Landssambands vörubifreiðastjóra, sem Vinnuveitendasamband Íslands hefur samþykkt, sbr. dómsskjal nr. 41, en samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 skulu allir samningar milli stéttarfélags og atvinnurekenda um kaup og kjör vera skriflegir.

Samkvæmt þessu lagaákvæði skiptir það ekki máli, hvort munnlegir samningar hafi tekizt milli Vörubílstjórafélagsins Mjöltnis og stefnda, enda ósannað, að svo hafi verið.

Verður því að fallast á það með stefnanda, að taxtar Landsambands vörubifreiðastjóra hafi gilt á því tímabili, sem um ræðir í máli þessu, og eigi hann því kröfu á greiðslu á vinnu sinni samkvæmt taxtanum, þótt stefndi hafi talið, að hann væri búinn að samþykkja tilboð sitt um að aka á lægra gjaldi, þar sem 7. gr. laga nr. 80/1930 bannar samninga milli einstakra verkamanna við atvinnurekendur að svo miklu leyti sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélagsins, enda hafi stéttarfélagið ekki samþykkt þá. Eins og fram hefur komið í málinu, hefur stéttarfélagið Vörubílstjórafélagið Mjöltnir ekki samþykkt þá.

Verður því að taka kröfu stefnanda til greiðslu á kr. 504.711.60,

sem er ekki tölulega mótmælt, að fullu til greina ásamt 7% vöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags og málskostnaði, kr. 75.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Fosskraft, s. e. f., greiði stefnanda, Gústav Sigjónssyni, kr. 504.711.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags og kr. 75.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1971.

Nr. 45/1971. **Ákærvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ársæli Guðjónssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Ítrekun. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er hann fæddur 5. desember 1945.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðum 4. febrúar 1965, var ákærði dæmdur í 3.000.00 króna sekt fyrir ölvunar-akstur og sviptur ökuleyfi 8 mánuði. Hefur brot þetta ítrekunarhrif á brot það, sem um er fjallað í máli þessu, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar, en svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00. Annar áfrýjunar-